

Vegabréf skal framlengt með áritun þar um. Þó má aldrei framlengja vegabréf til lengri tíma en eins árs.

5. gr.

Um gjöld fyrir útgáfu vegabréfa fer samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs hverju sinni. Gjöld vegna póstsendingar- og bankakostnaðar við útgáfu vegabréfa skulu ákveðin í reglugerð um embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.

IV. KAFLI

**Gildistaka o.fl.**

6. gr.

Við útgáfu vegabréfa og móttöku og meðferð umsókna um vegabréf skal að öðru leyti en að framan greinir beita ákvæðum reglugerðar um íslensk vegabréf eftir því sem við á.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 18. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands nr. 39/1971, sbr. 1. gr. laga um vegabréf nr. 136/1998, reglugerðar um íslensk vegabréf og 2. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 300/1999 um útgáfu vegabréfa til íslenskra ríkisborgara erlendis.

*Utanríkisráðuneytinu, 27. september 1999.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Stefán Haukur Jóhannesson.*

## REGLUR

### um diplómátísk vegabréf og þjónustuvegabréf.

I. KAFLI

**Útgáfa vegabréfa.**

1. gr.

Útlendingaeftirlitið annast útgáfu diplómátískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

2. gr.

Þessir aðilar einir geta fengið diplómátísk vegabréf:

1. Forseti Íslands.
2. Fyrrverandi forsetar Íslands.
3. Forsetar Alþingis.
4. Hæstaréttardómarar.
5. Ráðherrar.
6. Biskupinn yfir Íslandi.
7. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar skv. 1.-5. flokki 8. gr. laga nr. 39/1971 og þeir aðrir starfsmenn hennar og venslamenn sem reglur ráðuneytisins kveða á um.
8. Ráðuneytisstjórar.
9. Umboðsmaður Alþingis.
10. Ríkisendurskoðandi.

11. Ríkissaksóknari.
12. Ríkissáttasemjari.
13. Ríkislögreglustjóri.
14. Ríkislögmaður.
15. Aðalbankastjórar Seðlabankans.
16. Nánustu fylgdarmenn forseta Íslands, þegar þeir eru í fylgd með forseta.
17. Þeir sem gegna meiri háttar trúnaðarstörfum fyrir Ísland í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum.
18. Fyrirverandi forsætis- og utanríkisráðherrar.
19. Fyrirverandi starfsmenn utanríkisþjónustunnar úr 1. og 2. flokki, sbr. 8. gr. laga nr. 39/1971, sem látið hafa af störfum fyrir aldurs sakir.
20. Makar og börn þeirra sem taldir eru í 1.-19. tölul., börnin þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

### 3. gr.

Þessir aðilar einir geta fengið þjónustuvegabréf:

1. Alþingismenn.
2. Skrifstofustjóri Alþingis.
3. Hæstaréttarritari.
4. Skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands.
5. Aðstoðarmenn ráðherra.
6. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem ekki eru taldir upp í 7. tölul. 2. gr.
7. Kjöræðismenn Íslands erlendis.
8. Forstjórar helstu ríkisstofnana.
9. Forseti borgarstjórnar Reykjavíkur.
10. Borgarstjórinn í Reykjavík.
11. Þeir sem ferðast í opinberum erindum ríkisstjórnarinnar, þegar sérstaklega stendur á og að því tilskildu að hlutaðeigandi ráðuneyti óski þess skriflega að vegabréf sé gefið út.
12. Fulltrúar Íslands í stjórn, á þingum eða í starfslíði fjölþjóðlegra ríkjasamtaka.
13. Þeir sem ferðast í erindum meiri háttar viðskiptasamtaka, þegar sérstaklega stendur á.
14. Fyrirverandi hæstaréttardómarar.
15. Fyrirverandi ráðherrar.
16. Fyrirverandi ráðuneytisstjórar.
17. Fyrirverandi aðalbankastjórar Seðlabanka Íslands.
18. Þeir sem gegnt hafa meiri háttar trúnaðarstörfum í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum.
19. Makar og börn þeirra sem taldir eru upp í 1.-18. tölul., börnin þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

Enn fremur er heimilt að gefa út þjónustuvegabréf til handa fyrirverandi starfsmönnum utanríkisþjónustunnar sem ekki falla undir 19. tölul. 2. gr. svo og þeim sem greinir í 2.-5. tölul., sbr. 19. tölul. þessarar greinar, þegar þessir starfsmenn hafa látið af starfi fyrir aldurs sakir.

## II. KAFLI

### Umsókn um vegabréf.

#### 4. gr.

Umsókn um diplómatiskt vegabréf og þjónustuvegabréf skal afhenda utanríkisráðuneytinu. Þar skal koma fram fullt nafn, staða, heimilisfang, kennitala, fæðingarstaður, þjóðerni, hæð og kyn umsækjanda. Að öðru leyti skal beita reglugerð um íslensk vegabréf eftir því sem við á.

### III. KAFLI Gildistími vegabréfa, skil þeirra o.fl.

#### 5. gr.

Þegar diplómatiskt vegabréf eða þjónustuvegabréf eru gefin út til ákveðinnar ferðar skulu þau eingöngu látin gilda fyrir þann tíma er ætla má að ferðin muni standa. Ella má láta vegabréf þessi gilda allt að fimm árum nema ljóst sé að réttur handhafa til diplómatiskra vegabréfa eða þjónustuvegabréfa falli niður fyrir þann tíma.

#### 6. gr.

Nú hættir maður að gegna starfi er heimildin til að fá diplómatiskt vegabréf eða þjónustuvegabréf samkvæmt 2. eða 3. gr. fylgir og er þá vegabréfshafa skylt að afhenda útlendingaefirlitinu, utanríkisráðuneytinu eða næsta íslenska sendiráði, fastanefnd eða sendiráðisskrifstofu (sendiskrifstofu) vegabréf sitt. Sama á við um vegabréf maka vegabréfshafa og barna hans sem hafa fengið vegabréf samkvæmt 20. tölul. 2. gr. eða 19. tölul. 3. gr.

Utanríkisráðuneytið getur gert undanþágu frá aldursákvæðum 20. tölul. 2. gr. og 19. tölul. 3. gr. þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

#### 7. gr.

Íslenskum sendiskrifstofum er heimilt að framlengja gildistíma diplómatiskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa ef brýna nauðsyn ber til og ekki er unnt að gefa út nýtt vegabréf í tæka tíð. Ekki er heimilt að framlengja gildistíma diplómatiskra vegabréfa nema með heimild utanríkisráðuneytisins, en tilkynna skal ráðuneytinu um framlengingu gildistíma þjónustuvegabréfa.

Framlengja skal gildistíma vegabréfa samkvæmt 1. mgr. með áritun til allt að sex mánaða.

### IV. KAFLI Gildistaka o.fl.

#### 8. gr.

Við útgáfu vegabréfa og móttöku og meðferð umsókna um diplómatiskt vegabréf og þjónustuvegabréf skal að öðru leyti en að framan greinir beita ákvæðum reglugerðar um íslensk vegabréf eftir því sem við á.

#### 9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 1. gr. laga um vegabréf nr. 136/1998, sbr. 18. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands nr. 39/1971 og 2. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 299/1999 um vegabréf utanríkisráðuneytisins.

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Þar til utanríkisráðuneytinu verður kleift að annast skráningu upplýsinga um handhafa diplómatiskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa í vegabréfaskrá annast útlendingaefirlitið skráningu þeirra.

*Utanríkisráðuneytinu, 27. september 1999.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Stefán Haukur Jóhannesson.*